

REGLUGERÐ

um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá.

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda í fjórriti til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, ljósrit umsóknar ásamt umsóknargögnum sendast lyfjanefnd. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Ráðuneytið áritar öll eintök og tölusetur hverja umsókn við móttöku í áframhaldandi töluröð og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald að upphæð kr. 25 000,00. Er gjaldið óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Þegar sótt er um skráningu á öðrum lyfjaformum eða öðrum styrkleikum sérlyfja skal rita nýja umsókn. Er skráningargjaldið þá kr. 12 500,00.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn. Skráningargjald slíkra umsókna er kr. 6 000,00.

2. gr.

Af hverju formi sérlyfs, sem er á sérlyfjaskrá 1. janúar ár hvert, skal greiða árlegt gjald að upphæð kr. 5 500,00 er greiðist fyrir 1. mars ár hvert.

Ef tvö eða fleiri form sama sérlyfs innihalda mismunandi efni eða mismunandi mikið af sömu efnum, skal greiða árgjald sem um tvö eða fleiri form væri að ræða.

3. gr.

Ráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu skráningargjalds og árgjalds sérlyfs, ef sérstakar aðstæður mæla með. Umsóknir um slíkar undanþágur sendist ráðuneytinu.

4. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari skulu standa straum af kostnaði við starfsemi lyfjanefndar og eru lögtakskræf.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. lyfjalaga nr. 108 14. nóvember 1984 og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð með sama heiti nr. 476/1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. nóvember 1987.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um manntalsþing í Barðastrandarsýslu.

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, herra sýslumaður, frá 24. september og 26. október 1987, varðandi tillögu yðar samkvæmt samþykkt sýslunefndar Austur-Barðastrandarsýslu um manntalsþing í Austur-Barðastrandarsýslu.

Með vísun til 38. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 1936, sbr. 10. gr. laga nr. 28 1981, samþykkir ráðuneytið að manntalsþing Austur-Barðastrandarsýslu verði lögð niður.